

Persónuvernd við umsóknir um störf og ráðningar

Til þess að geta unnið úr umsókn um starf og lagt mat á hæfni umsækjanda til starfsins er Garðabæ nauðsynlegt að vinna með persónuupplýsingar sem fram koma í umsókninni og þær sem Garðabær aflar frá öðrum með samþykki umsækjanda. Upplýsingarnar eru eingöngu nýttar af mannauðs- og kjaradeild Garðabæjar og yfirmanni viðkomandi stofnunar.

Þegar sótt er um auglýst starf skráir umsækjandi sig inn í ráðningarkerfi Garðabæjar. Þar þarf að skrá inn persónuupplýsingar auk þess sem slíkar upplýsingar koma að auki jafnan fram í ferilskrá, kynningarbréfi og öðrum gögnum sem umsækjandi tengir við umsóknina. Þessar persónuupplýsingar eru vistaðar í ráðningakerfinu en hægt er að skrá eða uppfæra grunnupplýsingar, skipta um mynd, bæta inn viðhengjum og eyða þeim sem eru orðin úrelt. Garðabær safnar eingöngu nauðsynlegum upplýsingum við ráðningar.

Persónuupplýsingar sem umsækjendur þurfa að gefa upp alla jafna í ráðningarkerfinu eru:

- Almennar upplýsingar, þ.e. nafn, kennitala, netfang, símanúmer, heimilisfang og fjölskylduhagir.
- Upplýsingar úr ferilsskrá, t.d. upplýsingar um menntun, starfsreynslu, tungumálakunnáttu, tölvukunnáttu auk annarrar reynslu, hæfni og þekkingar.
- Kynningarbréf þar sem umsækjandi gerir grein fyrir menntun, fyrri störfum og reynslu ásamt rökstuðningi fyrir hæfni í starfið.
- Upplýsingar um umsagnaraðila sem umsækjandi veitir mannauðs- og kjaradeild/yfirmanni stofnunar leyfi til að hafa samband við.

Í starfsviðtali er umsækjandi spurður staðlaðra spurninga sem eiga við um það starf sem sótt er um, í þeim tilgangi að meta hæfni umsækjenda. Í starfsviðtali verða til persónuupplýsingar á borð við fyrri reynslu í starfi eða verkefni, frammistöðu í fyrra starfi eða námi, launavæntingar o.fl. Í sumum tilvikum geta umsækjendur þurft að taka persónuleika-, hæfni eða þekkingarpróf eða leysa raunhæf verkefni.

Starfsviðtöl, umsagnir umsagnaraðila, verkefni og próf eru skráð og vistuð í skjalakerfi Garðabæjar. Aðgangur að skjalakerfinu er aðgangsstýrður.

Við ráðningu í starf þarf Garðabær að afla frekari persónuupplýsinga um viðkomandi. Þetta eru upplýsingar á borð við bankaupplýsingar, nánasta aðstandanda, stéttarfélag, lífeyrissjóð, sakarvottorð (fyrir ákveðin störf), o.fl.

[HÉR](#) má finna persónuverndarstefnu Garðabæjar og almenna fræðslu um réttindi einstaklinga er að finna [HÉR](#).